

ÞJÓÐVILJINN

Miðvikudagur 7. janúar 1970 — 35. árgangur — 4. tölublað.

Ljúkið skilum í Hapdrætti Þjóðviljans

- Nú er hver dagurinn að verða síðastur til þess að gera skil í Hapdrætti Þjóðviljans 1969.
- Þeir fáu sem enn eiga ólukið skilum eru vinsamlega beðnir að ljúka því nú í vikunni, svo að hægt verði að birta vinnunúmerin í hapdrættinu.
- Innheimtu- og umboðsmenn hapdrættisins, sem eiga enn eftir að ljúka fullnaðar skilum eru einnig hvattir til að láta það ekki dragast fram yfir helgina.



Í gær komu saman nokkrir þeirra manna er fara til Kochum á föstudag til skrafs og ráðagerða og eru þessar myndir teknar við það tækifæri. Það kom fram hjá mörgum þeirra, að þeir leita sér atvinnu ytra vegna atvinnuleysis og ónógrar atvinnu á vinnumarkaðnum og fá þetta 11 til 13 krónur sænskar á klukkustund. — (Ljós. Þjóðv. A.K.)

Í þessari viku fara 115 verkamenn til Svíþjóðar til starfa

- Í dag leggur upp 55 manna hópur til starfa hjá Husqvarna verksmiðjunum í Svíþjóð og eru þrjár konur í þessum hópi, sagði Guðmundur J. Guðmundsson í viðtali við Þjóðviljann í gær.
- Á föstudag fara utan 60 verkamenn til Kochum skipasmíðastöðvar í Svíþjóð og hafa ráðið sig þar til vinnu í vetur.
- Þetta er svo til eingöngu ungt fólk sem hefur ætlað í iðnnám hér heima og ekki fengið pláss hjá meisturum, og ungt fólk sem hætt hefur í skóli vegna fjárhagserfiðleika. Tveir til þrjú háskólastúdentar munu vera í þessum hópi.

Alltaf fjölgar þeim verkamönnum er leita utan til vinnu vegna ófullnægjandi kjara og möguleika hér heima og bitnar þetta einna helst á ungu fólki. Á þessum vetri hafa þegar farið um 100 verkamenn á eigin vegum til Danmerkur og Svíþjóðar — einkum þó til Svíþjóðar — og hafa ráðið sig þar í störf með aðstoð kunningjasambanda við sænska verkamenn er unnu hér við Búrfellsvirkjun.

Í fyrramálið leggjá upp 55 verkamenn til Husqvarna verksmiðjanna. Hefur þetta fólk ráðið sig til starfa í samsetningarverksmiðjum er setja saman saumavélar, eldavélar og fleira — aðallega í tveim borgum, Husqvarna, lítil útborg frá Jönköping, og Nörrehammer þar skammt frá. Þetta fólk er aðallega frá Reykjavík og Akureyri og hefur ráðið sig til sex mánaða. Sum-

ir vinna við málmsteypu auk samsetninga á vélum.

60 verkamenn til Kochums
Á föstudag fara 60 verkamenn til Kochum skipasmíðastöðvarinnar. Hafa þeir ráðið sig þar til fjögurra mánaða í vetur. Þarna eiga ungir menn kost á því að fara á námskeið og læra rafsuðu, enda eru í þessum hópi ungir menn, sem ætla að fara í Framhald á 3. síðu.



Ragnar Aðalsteinsson

Hrekst frá námi

Við náðum tali af Ragnar Aðalsteinssyni, stud. philol. í gær, en hann gengur frá námi í háskólanum núna í vetur vegna fjárhagskorts.

Í fyrrasumar fékk ég litla vinnu á Fjótshéraði og niðri á fjórðunum, þar sem ég leitaði fyrir mér um atvinnu. S.l. haust komst ég hinsvegar á Bardann frá Neskaupstað og var á þeim bát í fimm vikur og fékk 40 þúsund kr. í hlut. Þetta nægir mér ekki í vetur til skóladvalar hér syðra. Skólakostnaður hér í vetur er vart minna en kr. 120 þúsund fyrir brýnustu lífsnáuðsynjum og hef ég hugsað mér að vinna í vetur og næsta sumar og hefja svo nám aftur næsta haust.

Tímakaupið er 11 til 13 kr. sænskar í Kochum og eiga menn kost á 8 tíma vinnu dag hvern og vaktavinnu. Þá eiga menn kost á sænskunámskeiði þarna í Kochum, sagði Ragnar að lokum.

40 rafvirkjar í Kaupmannahöfn

Um 40 íslenskir rafvirkjar eru nú starfandi hjá Burmeister & Wein skipasmíðastöð í Kaupmannahöfn. Hafa þeir starfað þar um nokkurra mánaða skeið.

Alþjóðlegt skákmót í Rvík:

Stórmeistarinn Matulovic meðal erlendra þátttakenda

★ Svo sem áður hefur verið frá skýrt, munu Stjórnir Skákambands Íslands og Taffélags Reykjavíkur sameiginlega gangast fyrir alþjóðlegu skákmóti í Reykjavík, 15. janúar — 5. febrúar n.k.

★ Gert er ráð fyrir, að þátttakendur verði 16, þar af 6 erlendir skákmeistarar. Er þetta framhald á þeirri stærsemi, sem hófst árið 1964 með

hinu svokallaða Reykjavíkurmóti. Síðan hafa þessi mót verið haldin annað hvert ár, síðast „Fiske-mótið“ 1968.

Afar erfiðlega hefur gengið að fá erlenda meistara til þátttöku að þessu sinni, enda mörg skákmót háð um þetta leyti árs víðs vegar um heim, en fyrir okkur er þetta þó heppilegasti tími ársins. Hafa jafnvel þeir skákmenn

sem áður höfðu gefið vilyrði fyrir þátttöku, dregið sig í hié á síðustu stundu. Má þar nefna tvo sovétka stórmeistara og Hollendinginn van der Berg.

En nú hafa fengið tveir Jógóslavar, stórmeistarinn Milan Matulovic og alþjóðlegi meistarinn D. Minich, og eftirfarandi alþjóðlegir meistarar: Hans-Joachim Hecht, V-Pýzkal, Theodor Framhald á 3. síðu.



Aðalsteinn Gíslason

Ekkert nema atvinnuleysið hrekur mig út

Við náðum tali af Aðalsteini Gíslasyni í gær. Hann er á förum til Kochums á föstudag. Eg hef verið meira og minna atvinnulaus síðan í september. Það er fyrst og fremst atvinnuleysi er hrekur mig í atvinnuleit til Svíþjóðar, — sagði Aðalsteinn.

Í fyrrasumar vann ég í afleysingum hjá Strætisvögnum Reykjavíkur og missti atvinnuna þar í september. Í fyrravetur vann ég við Búrfellsvirkjun, Aðalsteinn er Reykjavíkingur.



Jónas D. Engilbertsson

Atvinnulaus síðan í haust

Jónas Davíð Engilbertsson er nýlega fluttur til Reykjavíkur og er skráður til lögheimilis að Bogahlíð 12 hér í bæ. Foreldrar hans eiga hins vegar heima í Vestmannaeyjum. Hann er 23 ára og vann síðast hjá Mjólkursamsölunni sem bílstjóri og missti þar vinnuna í september og hefur verið atvinnulaus meira og minna síðan.

Eg vann í afleysingum í sumar í útkeyrslunni. — Haustið 1968 var fjórum bílstjórum sagt upp vinnunni. Var ég einn af þeim og hef haft óstöðuga vinnu síðan.